

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hjalta Steinþórssonar hdl., kr. 4.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallgrímur Jóhannesson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði greiði Útvegsbanka Íslands skaðabætur kr. 68.871,00 með 4% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 49.321,60 frá 30.3. 1982 til 23.8 s.á. og af kr. 68.871,00 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hjalta Steinþórssonar hdl., kr. 4.000.

Fimmtudaginn 5. desember 1985.

Nr. 177/1985. **Ákæruvaldið**

(Pórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Péttri Þór Magnússyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Skjalafals. Skilorð. Sýknað af ákæru fyrir þjófnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. júní 1985 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar, en frá þeirri kröfu hefur verið fallið við flutning málsins fyrir Hæstarétti. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 1. f.m.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, greiddi ákærði hinn 18. f.m. að fullu kröfur þær, sem dæmdar voru í héraðsdómi og enn fremur dráttarvexti af þeim. Eru kröfurnar eigi til meðferðar fyrir Hæstarétti. Það athugast, að héraðsdómari dæmdi bætur til Skuldaskila h/f, án þess að séð verði, að krafa hafi nokkurn tíma verið gerð.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi tekið í heimildarleysi tékkhefti á heimili Vals Hólms. Skýrsla hefur ekki verið tekin af Val. Ekkert liggur fyrir um verðmæti tékkaheftisins, og hefur ekki verið sýnt fram á, að það geti talist andlag þjófnaðar. Verður ákærði sýknaður af ákæru um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en með því að nota í lögskiptum þrjá tækka með fölsuðum nafnritunum hefur hann brotið gegn 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, svo og því, að 12 ár eru liðin síðan hann sætti refsidómi, að hann skýrði ótilkvaddur frá brotum sínum og hefur bætt tjón af þeim, ákveðin fangelsi 60 daga, skilorðsbundið 2 ár.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Pétur Þór Magnússon, sæti 60 daga fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar 25. janúar 1985.

Árið 1985, föstudaginn 25. janúar, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 12/1985: Ákæruvaldið gegn Pétri Þór Magnússyni.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er með ákæruskjali Ríkissaksóknara, dags. 30. nóvember 1984, höfðað gegn Pétri Þór Magnússyni, Einilundi 1, Garðakaupstað, fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19, 1940.

I.

Fyrir þjófnað með því að hafa, laugardaginn 10. desember 1983, er ákærði var staddur í íbúð að Lindargötu 63A, Reykjavík, stolið tékkhefti Vals Hólms, merktu Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Fyrir skjalafals með því að hafa sama dag og þann næsta notað í viðskiptum í Reykjavík eftirgreinda þrjá falsaða tékka úr framangreindu tékkhefti, sem ákærði ritaði til handhafa á reikning nr. 2218 og falsaði á nöfn útgefenda, valin af handahófi.

1) Nr. 2847076, kr. 300, dagsettur 9.12. 1983, nafn útgefanda Sigbór Pálsson, seldur í veitingahúsinu Zorba, Laugavegi 121.

2) Nr. 2847077, kr. 1.000, dagsettur 9.12. 1983, nafn útgefanda Sigbór Gunnarsson, seldur í veitingahúsinu Nausti, Vesturgötu.

3) Nr. 2847079, kr. 300, dagsettur 10.12. 1983, nafn útgefanda Sigbór Sigurðsson, notaður sem greiðsla fyrir leiguakstur til Bjarna Vigfússonar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærður verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærður er sakhæfur, fæddur 22. mars 1957 á Akureyri, og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir.

- 1972 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarl. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 4/12 '72.
- 1973 19/10 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarl.
- 1973 31/10 í Reykjavík: Uppvís að brotum á 244. gr. hegningarl. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 31.10. 1973.
- 1979 2/3 í Hafnarfirði: Sátt, 22.000 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umfl.

Málavextir.

Laugardaginn 10. desember 1983 hafði ákærður farið á hádegisbarinn á Óðali og hitt þar Val Hólm, Lindargötu 63 A, Reykjavík, og tvær stúlkur, sem hann þekkti lítillega. Síðdegis þennan dag höfðu þau svo farið saman heim til Vals og haldið þar áfram drykkju. En seinna þennan dag hafði hann farið úr íbúð Vals, og var hann þá drukkinn. Á gólfi inni í íbúðinni hafði hann séð ávísanahefti við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, sem Valur átti. Ákærður tók hefti þetta og hafði með sér út. Eftir þetta var

hann að þvælast um borgina og kvaðst þá hafa gefið út og falsað 4 eða 5 ávísanir, sem hann notaði til áfengiskaupa og fleira. Á sunnudaginn kvaðst hann svo hafa brennt ávísanaheftinu, og voru þá eftir í því um 20 eyðublöð. Samkvæmt upplýsingum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hafði Valur Hólm tilkynnt 12. des. 1983, að hann hefði glatað ávísanahefti við Sparisjóðinn með eyðublöðum nr. 2847076-2847100 og eftir það hefðu borist inn til Sparisjóðsins 6 ávísanir úr heftinu, sem verið hefðu falsaðar.

Til rannsóknarlögreglu ríkisins hefur verið kært vegna fölsunar 3ja af þessum ávísunum, og eru það þær ávísanir, sem lýst er í 1-3 tl. II. kafla ákæru. Ávísanir eru allar stílaðar til handhafa á reikning nr. 2218. Ákærður hefur viðurkennt að hafa gefið út þessar þrjár tékkávisanir í nafni þargreindra útgefanda og að hafa valið þau nöfn af handahófi. Hann hafi notað tékkávisanir í viðskiptum eins og þar er greint.

Ákærður er sannaður að því að hafa tekið greint tékkhefti í því skyni að hagnýta sér það og hefur með því gerst sekur um brot á 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en við 1. mgr. 155. gr. sömu laga með fölsun þeirra þriggja tékkávisana, sem að framan er lýst.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 57. gr. a og 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 101, 1976, hæfilega ákveðin þannig, að hann sæti varðhaldi í 40 daga og ennfremur sæti hann fangelsi í 2 mánuði, en eftir atvikum þykir mega fresta fullnustu þeirrar refsingar, og niður skal hún falla að liðnum 3 árum, haldi ákærður almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Eftirtaldir aðiljar hafa gert kröfur um bætur vegna ávísanafals ákærða:

1. Veitingahúsið Zorba, Laugavegi 121, Reykjavík kr. 300,00
2. Skuldaskil h/f, Borgartúni 33, Reykjavík kr. 1.000,00
3. Bjarni Vigfússon, Sólheimum 47, Reykjavík. kr. 300,00

Ákærður hefur samþykkt kröfur þessar, og þykir mega taka þær til greina.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærður, Pétur Þór Magnússon, sæti varðhaldi í 40 daga.

Ákærður sæti og fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og niður skal hún falla að liðnum 3 árum, haldi hann almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærður greiði veitingahúsinu Zorba, Laugavegi 121, Reykjavík kr.

300,00, Skuldaskilum h/f, Borgartúni 33, Reykjavík kr. 1.000,00 og Bjarna Vigfússyni, Sólheimum 47, Reykjavík kr. 300,00.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. desember 1985.

Nr. 177/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ólafi Valtý Haukssyni og

Þórarni Jóni Magnússyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Sýknað af ákæru fyrir brot gegn 16. gr. áfengislaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut héraðsdómi til Hæstaréttar til sakfellingar samkvæmt ákæru með áfrýjunarstefnu 7. febrúar 1985. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 30. júlí sl.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu hinna ákærðu af kröfum ákærvaldsins.

Ákveða ber, að sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákvæði héraðsdóms um sýknu ákærðu, Ólafs Valtýs Haukssonar og Þórarins Jóns Magnússonar, á að vera óraskað.

Sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs